

Verklagsreglur


Samráðsnefndar um veikindarétt


milli fjármálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga annars vegar og BHM, BSRB og KÍ hins vegar

1. Samráðsnefnd um veikindarétt starfar skv. grein 2.9 í samkomulagi Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga hins vegar um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í ofangreindum samtökum, dags. 24. október 2000.
2. Samráðsnefnd um veikindarétt er skipuð þremur fulltrúum af hvorum aðila samkomulagsins. Einum fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, einum frá Reykjavíkurborg, einum frá Launanevnd sveitarfélaga, einum frá BHM, einum frá BSRB og einum frá KÍ. Heimilt er að varamenn sitji fundi ásamt aðalfulltrúum.
3. Samráðsnefnd um veikindarétt skal fjalla um túlkun og útfærslu einstakra ákvæða samkomulagsins um veikindarétt samkvæmt erindum sem vísað er til nefndarinnar. Erindum til nefndarinnar skulu fylgja gögn um álitæfnið og atvik máls að öðru leyti, svo sem fjarvistarskrá og þjónustualdur.
4. Samráðsnefnd um veikindarétt skiptir sjálf með sér verkum til eins árs í senn þannig að einn er kjörinn formaður úr hópi launagreiðenda eða launafólks og annar ritari úr hinum hópnum og skulu embættin skiptast á árs fresti milli fulltrúa launagreiðenda og launafólks. Varamenn skulu kosnir eftir sömu reglum.
5. Fastur fundartími er þriðja fimmtudag í mánuði kl. 13:15. Formaður sendir út dagskrá með hæfilegum fyrirvara. Hann skal og boða til fundar með a.m.k. vikufyrirvara hafi fundartími ekki verið ákveðinn á síðasta fundi.
6. Ritari ritar fundargerð sem send skal nefndarmönnum og staðfest í upphafi næsta fundar.
7. Til þess að niðurstaða samráðsnefndar um veikindarétt sé bindandi þarf samþykki allra viðstaddra nefndarmanna enda hafi fundur verið löglega boðaður. Fundur er ályktunarhæfur þegar a.m.k. 4 nefndarmenn eru viðstaddir.
8. Samráðsnefnd um veikindarétt skal ljúka ákvörðunarhæfum málum sem fyrst og eigi síðar en 10 vikum eftir að mál var fyrst tekið fyrir á fundi nefndarinnar.
9. Formaður og ritari staðfesta formlega niðurstöðu nefndarinnar með bréfi sem sent skal til hlutaðeigandi.

Reykjavík, 18. október 2001

F.h. Samráðsnefndar um veikindarétt


Erna Guðmundsdóttir, formaður


Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, ritari